

Skrifstofa borgarstjórnar  
Ráðhús Reykjavíkur  
s. 411 4703  
[olof.magnusdottir@reykjavik.is](mailto:olof.magnusdottir@reykjavik.is)

R19100352

**BORGARRÁÐ 17. október 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að borgin komi upp aðstöðu þar sem húsgögn og húsbúnaður fæst gefins - R19100352**

**BORGARRÁÐ 17. október 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að borgin komi upp aðstöðu þar sem húsgögn og húsbúnaður fæst gefins - R19100352**

Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur til að borgin komi upp aðstöðu þar sem hægt er að koma með húsgögn/húsbúnað sem fólk vill gefa til annarra. Þangað býðst þeim að koma sem að sama skapi vantar húsgögn. Með þessu er borgin að leggja sitt að mörkum til umhverfisins, stuðla að endurnýtingu og draga úr sóun. Verslanir Góða hirðisins taka við notuðum húsbúnaði til sölu. Hér er verið að leggja til að borgin skapi aðstæður/vettvang þar sem húsgögn og húsbúnaður fæst gefins. Hægt er að sjá ýmis konar útfærslu hvað varðar framkvæmdina. Sjá má fyrir sér að starfsmenn/umsjónarmenn á vegum borgarinnar annist umsjón og utanumhald aðstöðunnar og/eða sjálfboðaliðar. Mikilvægt er að hafa þetta sem einfaldast og myndi nytjamarkaðurinn eða lagerinn eftir því hvað fólk kys að kalla vettvanginn ekki þurfa að vera opinnefnd nema hluta vikunnar til að þjóna tilgangi sínum. Öll vitum við að það er algengt að fólk endurnýi húsgögn og enn aðrir þurfa að losa sig við heilu búslóðirnar vegna flutninga. Flestum finnst ánægjulegt að vita til þess að húsgögn þeirra komist til þeirra sem vantar þau. Tillagan nái hún fram að ganga gagnast því, gefendum, þiggjendum og umhverfinu.